

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 7.2.4. orðist svo:

Steinsteyptir útveggir og önnur óvarin steinsteyp burðarvirki.

Í steinsteypum útveggjum, sem ekki eru varðir með veðurþolnum klæðningum, (múr-húðun telst ekki fullnægjandi), og í öðrum mikilvægum byggingarhlutum, sem eru óvarðir gegn úrkomu, skal steinsteypa, auk ákvæða ÍST 10, uppfylla skilyrði 7.2.4.1. og 7.2.4.2.

2. gr.

Nýr liður 7.2.4.1. orðist svo:

Kröfur vegna alkalívirgni.

- a. Steypuefni sé óvirkt fyrir alkalí-kísil efnabreytingu, eða að þensla þess skv. ASTM-C 227 sé minni en 0,05% eftir 6 mánuði, eða minni en 0,1% eftir 12 mánuði.
Rannsókn á alkalí-kísilþenslu skal framkvæmd af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Um alkalí-kísil virkni steypuefnis vísast til Rb blaðs nr. Eq-005.
- b. Steypuefnissala er skylt að láta fara fram athugun á því, hvort efni það, sem hann selur í þessu skyni, fullnægi ofangreindum skilyrðum og skal hann láta byggingarfulltrúa í té skriflegt vottorð um það frá Rb, þegar þess er krafist.
Ef efni er tekið úr sjó, skal koma fram á vottorði frá Rb hvort og að hve miklu leyti sé nauðsynlegt að þvo steypuefnið.
- c. Ef nauðsynlegt er að þvo steypuefni eða nota sérstaka tegund af sementi til að skilyrði í lið a verði fullnægt, skulu sýni, sem send verða Rb til rannsóknar, þvegin á sama hátt og rannsókuð með sams konar sementi.

3. gr.

Nýr liður 7.2.4.2. orðist svo:

Kröfur vegna veðrunarþols.

- a. Útisteypa sem verður fyrir veðrunaráhrifum en er að mestu laus við saltáhrif.
Sementsmagn skal vera a.m.k. 300 kg í hverjum rúmmetra af steypu.
Vatnssementstala (v/s) skal vera minni en 0.55.
Loftinnihald skal vera a.m.k. 5%.
- b. Útisteypa sem verður fyrir verulegum saltáhrifum auk mikils veðrunarálags.
Sementsmagn skal vera a.m.k. 350 kg í hverjum rúmmetra af steypu.
Vatnssementstala (v/s) skal vera minna en 0.45.
Loftinnihald steypunnar skal vera a.m.k. 5%.

v tákna vatnsvagn mælt í kg í einum rúmmetra af steinsteypu.

s tákna sementsmagn í einum rúmmetra af steypu.

Loftinnihald skal mæla eftir dælingu ef dælt er, en annars rétt fyrir niðurlögn.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7. gr. byggingarlaga nr. 54, 16. maí 1978 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.